

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 17. nóvember 2014  
Tilvísun 111  
MKÁ

### **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997, 30. mál**

Vísað er til tölvupósts efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá 23. október sl. þar sem óskað var umsagnar Kauphallar Íslands hf. („**Nasdaq Iceland**“ eða „**Kauphöllin**“) um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum (fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða), 30. mál.

Með frumvarpinu eru settar fram tillögur um breytingu á fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða, sbr. 36. gr. laga nr. 129/1997. Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið þá er tillögunni ætlað að færa heimildir lífeyrissjóða til að fjárfesta í verðbréfum sem verslað er með á markaðstorgi fjármálagerna („**MTF**“) til jafns við heimildir til fjárfestinga í verðbréfum sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði. Byggir frumvarpið á tillögu Kauphallarinnar sem unnin var í samráði við efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.

Eins og rakið er í frumvarpinu þá byggir tillagan á því sjónarmiði að ekki sé rétt að samsama fjárfestingum lífeyrissjóða í verðbréfum sem verslað er með á MTF mörkuðum við fjárfestingar í óskráðum verðbréfum, eins og gert hefur verið hingað til. Þannig gilda um verðbréf sem verslað er með á MTF mörkuðum skýrar lagareglur sem eiga að tryggja vernd fjárfesta. Það megi því færa rök fyrir að betur fari á því að flokka verðbréf sem verslað er með á MTF mörkuðum með samskonar hætti og verðbréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamörkuðum.

Þó svo að ákveðnir þættir í lagaumgjörð um verðbréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eigi ekki við með sama hætti á MTF mörkuðum þá ber engu að síður að líta til þess að lagareglur sem gilda hér á landi ganga langt í þá átt og mun lengra en víða annars staðar í Evrópu. Eins og greint er frá í athugasemdum við frumvarpið þá ber þar helst að merkja að ákvæði laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 um meðferð og birtingu innherjaupplýsinga, bann við innherjasvikum og markaðsmisnotkun gilda án undantekninga fyrir verðbréf sem verslað er með á MTF mörkuðum hér á landi. Hvað þessar lagakröfur varðar er gengið mun lengra hér á landi en víða í Evrópu.

Aðilum sem fjárfesta í verðbréfum sem verslað er með á MTF markaði hér á landi er með þessu tryggður aðgangur að þeim upplýsingum sem skipta máli varðandi mat á þeim fjárfestingarkostum sem í boði eru, hvort sem um er að ræða fjárhagsupplýsingar eða aðrar upplýsingar sem eru líklegar til að hafa áhrif á mat fjárfesta. Einnig felst rík fjárfestavernd í ákvæðum laganna sem leggja bann við innherjasvikum og markaðsmisnotkun og skylda bæði rekstraraðila MTF markaða og Fjármálaeftirlitið til að hafa eftirlit með því að aðilar fari eftir lögum. Full ástæða er til að gera þessum þáttum hátt undir höfði en í þessu felst

grundvallarvernd til handa fjárfestum sem tryggir gagnsæi og opna upplýsingagjöf á MTF mörkuðum umfram þær lágmarkskröfur sem almennt eru gerðar varðandi verðbréf sem verslað er með á MTF mörkuðum í Evrópu.

Að lokum vill Kauphöllin taka undir athugasemdir sem komu fram í viðbótarumsögn frá Landssamtökum lífeyrissjóða, dags. 6. nóvember sl., en þar er athygli vakin á því að rétt sé að gera breytingu á a. lið 1. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997 varðandi fjárfestingarheimildir vörsluaðila séreignasparnaðar, til samræmis við þær breytingar sem koma fram í frumvarpinu.

Kauphöllin leggur áherslu á mikilvægi þess að breytingarnar nái fram að ganga. Ef af breytingunni verður fá lífeyrissjóðir aðgang að fleiri og fjölbreyttari fjárfestingarkostum innan traustrar lagaumgjarðar og af umræðum við markaðsaðila má telja ljóst að umrædd breyting geti skapað tækifæri fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki til að sækja sér fjármagn með skráningu verðbréfa.

Kauphöllin styður framgang frumvarpsins og er áfram reiðubúin til viðræðna varðandi efni þess.

Virðingarfyllst,



Magnús Kristinn Ásgeirsson,  
forstöðumaður lögfræðisviðs,  
Nasdaq Iceland